

## Aðalfundur Foreldrafélags Engidalsskóla

### Haldinn í matsal Engidalsskóla.

4. október 2022, kl. 20:00

Mættir voru 10 foreldrar/forráðamenn ásamt stjórnarmeðlimunum Kristínu Erlu Pétursdóttur formanni, Ragnari Þór Harðarsyni varaformanni, Íris Huld Christersdóttur gjaldkera og Erlu Dögg Kristjánsdóttur ritara sem ritar þessa fundargerð. Fjarverandi voru Ásdís Björk Kristjánsdóttir og Eiríkur Ástvald Magnússon.

1. Margrét skólustjóri hóf fund á að kynna starfsemi og stefnur skólans.
2. Kristín Erla formaður félagsins setti formlegan aðalfund og fundarstjóri og fundarritari kosnir (Ragnar fundarstjóri og Erla fundaritar).
3. Ragnar bauð fólk velkomið og kynnti dagskrá fundar.
4. Kristín Erla greindi frá skýrslu stjórnar fyrir skólaárið 2021-2022.
5. Ársreikningar lagðir fram af Írisi gjaldkera. Fundur samþykkti ársreikninga.
6. Ársgjöld kynnt og lagt til af stjórn að breyta ársgjaldi úr 1500 kr. í 2500 kr. á hverja fjölskyldu óháð fjölda barna í skólanum. Fundur samþykkti þá tillögu.
7. Lagabreytingar lagðar til. Þær voru eftirfarandi:
  - a. Í 4. gr. kemur fram að „Stjórn félagsins skipa sex foreldrar/forráðamenn“ – Tillaga að breytingu: „Stjórn félagsins skipa sjö foreldrar/forsjáraðilar“. Fundur samþykkti tillögu að breytingu.
  - b. Í 6. gr. kemur fram „Aðalfundur skal haldinn í maí ár hvert“ – Tillaga að breytingu: „Aðalfundur skal haldinn að hausti ár hvert“. Fundur samþykkti tillögu að breytingu.
  - c. Í 4. gr. kemur fram að „Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi til árs í senn“. – Tillaga að breytingu: „Nýir stjórnarmeðlimir séu kosnir á aðalfundi að jafnaði til 2 ára í senn“. Fundur samþykkti tillögu breytingu.
8. Kosning stjórnar. Ragnar Þór, Íris Huld og Eiríkur Ástvald gefa áfram kost á sér en Kristín Erla, Ásdís Björk og Erla Dögg víkja úr stjórn eftir tveggja ára setu. Óskað eftir framboðum frá foreldum. Fjórir fulltrúar foreldra buðu sig fram til viðbótar og var stjórnin samþykkt. Erla Guðrún Sigurðardóttir bauð sig fram sem formann og samþykkti fundur
  - a. Ný stjórn skipa:
    - i. Ragnar Þór Harðarson
    - ii. Íris Huld Christersdóttir, gjaldkeri
    - iii. Eiríkur Ástvald Magnússon
    - iv. Erla Guðrún Sigurðardóttir, formaður
    - v. Soffía Thorberg Bergsdóttir

- vi. Símon Birgisson
- vii. Unnur María Jónsdóttir

9. Kosning í skólaráð. Rúna Björk Júlíusdóttir fulltrúi foreldra í skólaráði viku úr skólaráði eftir tveggja ára setu. Tómas Leifsson bauð sig fram áfram en hann hefur setið í skólaráði í eitt ár og Íris Huld Christersdóttir bauð sig fram ásamt honum. Fundur samþykkti þessi framboð.

10. Önnur mál:

- a. Umræða um stöðu flóttamanna og skiptingu milli skóla innan Hafnarfjarðar þegar kemur að börnum innan flóttamannafjölskyldna. Símon Birgisson setti fram ályktun um þetta málefni sem fundur ákvað að vísa til stjórnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Fundi slitið kl. 21:30.